



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. apríl 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026, 705. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026, 705. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni gerir hún ráð fyrir að landsskipulagsstefna 2015–2026 gildi áfram með þeim breytingum að lagt er til að fjórum nýjum greinum verði bætt við 4. kafla sem fjallar um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum sem og að þremur nýjum köflum verði bætt við gildandi stefnu, nánar tiltekið kaflar um loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd og loks heilsuvæna byggð og landnotkun.

Samtökin benda á að Skipulagsstofnun kynnti til umsagnar framangreindar tillögur um viðauka við umrædda landsskipulagsstefnu og með umsögn, dags. 8. janúar sl., sendu SI umsögn samtakanna á stofnunina. SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar og óska eftir að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd en um er að ræða áréttingu á fyrri ábendingum samtakanna sem fram komu í áður nefndri umsögn frá 8. janúar sl. Ábendingar SI varða fyrst og fremst kafla 5.1, 5.2, 5.4 og 6.1 í umræddri tillögu.

Fyrir það fyrsta benda SI á að í umfjöllun í fyrirbyggjandi tillögu að viðauka er rúm áhersla lögð á þá stefnu að þetta byggð og blanda byggð, sjá m.a. umfjöllun í kafla 5.1.1 og 7.1.1. Án þess að taka afstöðu til þess markmiðs í erindi þessu þá er ljóst að slíkar áherslur munu hafa í för með sér að þrengt verði verulega að núverandi atvinnustarfsemi, s.s. að teknu tilliti til samspils atvinnustarfsemi og íbúðabyggðar. Getur hér komið til álita ólík áhrif af léttum iðnaði og skrifstofustarfsemi annars vegar og þyngri atvinnustarfsemi og mengandi hins vegar. Benda SI á að í umfjöllun Skipulagsstofnunar um framkomnar athugasemdir, og er fylgiskjal með fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar, telur stofnunin að um sé að ræða viðfangsefni sem þarf reglulega að rýna og velta upp við skipulagsgerð. Í ljósi þessa ítreka samtökin að taka þurfi til skoðunar og bæta við umfjöllun um þessa þætti í tillögunni. Mikilvægt er í því samhengi að marka stefnu um þessa þætti og framtíðarsýn hvað þessar atvinnugreinar varða. Að óbreyttu virðist tómlæti um þessa þætti gera það að verkum að sú sýn og stefna verði útundan í málefnalegri umræðu um samspil atvinnustarfssemi og íbúðabyggðar.

Því næst benda SI á umfjöllun um viðnámsprótt sveitarfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga í fyrirbyggjandi tillögu. Við yfirferð á þeirri umfjöllun telja SI mikilvægt að tryggja umfjöllun um innviði og tengsl við áætlanir stjórnvalda á því sviði. Benda SI á að í áður nefndri umfjöllun Skipulagsstofnunar um framkomnar athugasemdir tekur stofnunin undir mikilvægi þess að styrkja tengsl milli stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um



viðnámsprótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Ítreka SI því mikilvægi þess að landsskipulagsstefna tryggi tengingar við opinbera stefnumörkun á þessum sviðum og tryggt sé að samræmi sé á milli stefnumörkunar hins opinbera hverju sinni, en ekki eingöngu sú kvöð lögð á einstök sveitarfélög að gera áætlanir.

Loks, og að gefnu tilefni, þar sem m.a. er í kafla 5.2 umfjöllun um loftslagsvæna byggð, þá vilja SI vekja athygli á vinnu sem á sér nú stað er tekur á þessum málum. Er um að ræða samvinnuverkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, SI, Grænni byggðar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og félagsmálaráðuneytis. Verkefnið er sett á laggirnar á grundvelli aðgerðar C.3 í uppfærðri aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum 2020 til 2030. Í þessari samvinnu felst m.a. að setja fram markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og minni umhverfisáhrif frá byggingargeiranum, eftir því sem mögulegt er, auk þess að skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í því sambandi verður sjónum helst beint að skipulagi, hönnun, byggingu, rekstri og niðurrifi húsbygginga og samgöngumannvirkja. Í áður nefndri umfjöllun Skipulagsstofnunar um framkomnar athugasemdir kemur fram að umfjöllunin hefur verið yfirfarin til að draga enn skýrar fram tengsl landsskipulagsstefnu og skipulagsgerðar sveitarfélaga við fyrirhugaða áætlun hins opinbera um samdrátt í losun frá byggingariðnaðinum. Eftir sem áður telja SI mikilvægt að stefnumörkun, s.s. sú sem birtist í fyrirbyggjandi tillögu, taki með meira afgerandi hætti til þeirrar vinnu sem fram fer á þessum vettvangi, s.s. með skýrari tengingu þar á milli og útfærslum á þeim áherslum og stefnumörkun sem á skýra samleið með starfi þessa vinnuhóps.

Síðast en ekki síst telja SI að enn skorti í fyrirbyggjandi tillögu alla umræðu um sjálfbæra orkuvinnslu í kafla 6.1, en í þeim kafla er m.a. umfjöllun um ýmis konar landnýtingu og innviði því tengt, s.s. tengingar við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og stefnu um nýtingu lands og uppbyggingu innviða. Að mati SI er ljóst að eitt stærsta framlag Íslands til kolefnisjöfnunar er að nýta sjálfbærar orkulindir landsins og því telja samtökin mikilvægt að við stefnumótun hins opinbera, s.s. skipulagsstefnu, þurfi að taka tillit til slíkrar nýtingar á við aðra nýtingu landsgæða. Því skortir alla umfjöllun um skipulagsgerð um sjálfbæra orkuvinnslu í kafla 6.1, s.s. nýtingu vatnsafls, jarðhita og vindorku.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála